

Ed. 3. Frumvarp til laga [3. mál]

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða.

(Lagt fyrir Alþingi á 86. löggjafarþingi, 1965.)

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

Fylgiskjal.

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til lántöku vegna vega- og flugvallargerða.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Fjármálaráðherra hefur tjáð mér, að lán hafi fengizt hjá Viðreisnarsjóði Evrópuráðsins til samgöngubóta á Vestfjörðum, en lántökuheimild skorti fyrir þann hluta fjárins, sem verja eigi til flugvallargerða og vegagerða.

Enn fremur sé nauðsynlegt að fá breytt í fast lán bráðabirgðalánnum, sem tekin hafa verið vegna Reykjanesbrautar.

Með því, að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að gefa út bráðabirgðalög um heimild til framangreindrar lántöku, eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

Ríkisstjórninni heimilast að taka lán, allt að 60 millj. kr. vegna flugvalla- og vegagerða á Vestfjörðum og vegna lagningar Reykjanesbrautar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört að Bessastöðum, 8. júlí 1965.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Magnús Jónsson.